



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 12. maí 2022

KYNNINGARBLAÐ



Corneliu Jakobs er spáð góðu gengi í Eurovision. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Velgengni Svía í Eurovision

elin@frettabladid.is

Eurovision-vikan stendur sem hæst og á laugardag kemur í ljós hvaða land stendur uppi sem sigurvegari. Flestir spá Úkraínu sigri en í næstu sætum er gestgjafi ársins, Ítalía, og í því þriðja Svíþjóð. Söngkonan Cornelia Jakobs, eða Anna Cornelia Jakobsdóttir Samuelsen eins og hún heitir fullu nafni, syngur eigið lag, Hold me closer, sem hefur vakið mikla athygli. Lagið mun hafa breyst talsvert frá því það var flutt í Melodifestivalen og er orðið kraftmeira en það var samið í ástarsorg. En Cornelia fann óvænt ástina aftur þegar lagið var að fæðast.

Cornelia flytur lagið sitt í undankeppni annað kvöld og mun fljúga áfram í lokakeppnina, eftir því sem veðbankar segja. Cornelia varð þrítug í mars en faðir hennar, Jakob Samuel, er þekktur tónlistarmaður í Svíþjóð úr hljómsveitinni The Poodles en hún keppti einmitt í Melodifestivalen árið 2006 og endaði í fjórða sæti.

Alltaf í toppsætum

Svíar hafa verið sigursælir í Eurovision-söngvakeppninni en þeir hafa tekið þátt frá árinu 1958. Landið hefur sex sinnum lent í fyrsta sæti, síðast 2015, en það eftirminnilegasta er eflaust þegar ABBA-flokkurinn vann keppnina í Brighton með Waterloo árið 1974. Svíar eru alltaf ofarlega á lista í lokakeppninni en aðeins einu sinni, árið 2013, var Svíþjóð ekki á topp tíu listanum. ■



Guðrún Högnadóttir. „Við ætlum á þessu afmælisári aðeins að horfa fram á veginn og minna á mikilvægi lífstiðarlærdóms og afgerandi hlutverks vinnustaða í að rækta fólk.“ Margt spennandi verður að gerast hjá fyrirtækinu nú á afmælisári þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stafrænt fræðslusetur – tækifæri til aukins vaxtar og árangurs

Leiðtogaþjálfunarfyrirtækið FranklinCovey, sem starfar í um 160 löndum, fagnar 10 ára afmæli hér á landi um þessar mundir. Á síðastliðnum áratug hefur fyrirtækið unnið með meira en 300 vinnustöðum á Íslandi. Fyrirtækið kynnir spennandi nýjungar á afmælinu. **2**



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR



**85%
VIRKT
CURCUMIN**

BIOGENIC[®]
ALOE VERA
WITH TURMERIC
Soothing Digestive Tonic

www.celsus.is

„Ég ætla að segja eins og amma mín, Róshildur: hún óskaði aldrei til hamingju með afmælið heldur sagði alltaf „gleðilegt nýtt ár“ og lagði drög að næstu sókn,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey á Íslandi og framkvæmdastjóri og stofnandi FranklinCovey á norðurslóðum, en félagið fagnar 10 ára afmæli í maí sem markar 10 ár af þjálfun, þróun, vexti og trausti á íslenskum markaði. Á þessum áratug hafa starfsmenn FranklinCovey unnið með meira en 300 vinnustöðum á Íslandi í einka-, opinbera og þriðja geiranum og hafa ráðgjafar félagsins starfað að verkefnum í 30 löndum.

Ný námskeið

„Við ætlum á þessu afmælisári aðeins að horfa fram á veginn og minna á mikilvægi lífstíðar-lærdóms og afgerandi hlutverks vinnustaða í að rækta fólk. Við fögnum þessum tímamótum með því að kynna til leiks stafrænan kampus eins og við köllum AllAccessPass; námskeið sem eru hönnuð til þess að efla íslenska starfsmenn í þeim lykilkærniþáttum sem við þurfum til að vinna í okkar þekkingarsamfélagi.“

Um er að ræða stafrænt fræðslu-setur á íslensku og 23 öðrum tungumálum en AllAccessPass akademían býður upp á allt efni FranklinCovey með hagnýtum og áhrifaríkum námskeiðsloðum, æfingum, glósum og könnunum í þeim færniþáttum sem rannsóknir sýna að þjóni árangri í atvinnulífinu á þekkingaröld. Þetta markar stór tímamót í íslensku atvinnulífi þar sem FranklinCovey verður fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að bjóða upp á stafrænt fræðsluefni og námskeið á íslensku sem eru vottuð með alþjóðlegum endurmenntunareiningum (CEU) en þær eru stöðluð mælieining á ávinning þjálfunar og nú er krafa hjá mörgum atvinnugreinum að skila vottuðum tímafjölda í endurmenntun á hverju ári. Allt efni FranklinCovey er byggt á tímalausum lögmálum um mannlegan árangur sem er hannað til að hjálpa fólki til að bæta bæði viðhorf og hegðun.

„Þetta eru fleiri hundruð gagnvirk örnámskeið sem eru áhrifarík og skemmtileg og byggja á fjölda myndbanda, æfinga, handbókum og stuðningi. Það sem gerir þau líka einstök er að fyrir utan að vera á íslensku þá eru þau einnig aðgengileg á 23 öðrum tungumálum, eins og þegar hefur komið fram, þannig að margir okkar viðskiptavina hér heima eru að nota þetta efni til að þjálfra hópa á ýmsum tungumálum auk íslenskunnar.“

Áhugaverðar breytingar

Fyrir utan stafræna grunninn er FranklinCovey á Íslandi að kynna nýja ásýnd á starfi sínu og þjónustu. „Við viljum vera traustasta leiðtogafyrirtæki í heimi og erum að skerpa á því bæði hvernig við vinnum með okkar viðskiptavinum, hvaða árangri við erum að ná og hvaða lausnir við bjóðum upp á. Þetta verður kynnt í lotum í sumar.“

Um er að ræða breytingar á nálgun fyrirtækisins í þjónustu, framtíðarsýn og ásýnd FranklinCovey og er einblint á fjögur lykilsvið: Einstaklingsárangur, leiðtogahæfni, sigurmenningu og framkvæmd stefnu.

„Við sjáum vöxt fólks leggja grunn að farsælum vexti vinnustaða – og bjóðum spennandi leiðir til að flétta þjálfun inn í daglega starfsemi, meðal annars með



Guðrún Högnadóttir segist vera bæði auðmjúk og stolt af að hafa fengið að vinna með framúrskarandi vinnustöðum á Íslandi síðastliðin tíu ár.



FranklinCovey var stofnað í Bandaríkjunum árið 1997.



Guðrún er framkvæmdastjóri FranklinCovey á Íslandi og framkvæmdastjóri og stofnandi FranklinCovey á norðurslóðum.



Allt efni FranklinCovey er byggt á tímalausum lögmálum um mannlegan árangur og er hannað til að hjálpa fólki til að bæta bæði viðhorf og hegðun. Nemendur ná færni í leiðtogahæfni og einstaklingsárangri.

þjálfun þjálfara, stafrænum mentor, handhægum leiðbeiningum auk vinnustofa og markþjálfunar.“

Í hundrað og sextíu löndum

FranklinCovey var stofnað í Bandaríkjunum árið 1997. „Stephen Covey varði doktorsritgerð sína við Harvard-háskólann og birti rétt fyrir sextugt bókina 7 venjur til árangurs (The 7 Habits of Highly Effective People) sem er mest selda bók frá upphafi á sviði stjórnunar og persónulegrar forystu. Hann stofnaði í kjölfar félagið the Covey Leadership Center sem sameinaði ist seinna tímastjórnunarfyrirtækinu Franklin Quest sem er með tilvísun í Benjamin Franklin sem var náttúrulega mikill vísindamaður og einn af höfundum bandarísku stjórnarskrárinnar. Franklin og Covey voru tveir miklir vísindar og forgöngumenn sem horfðu til lögmála árangurs og arfleifð þeirra leggur grunninn að árangri um heim allan með félag sem er skráð í kauphöllinni í New York. Við byggjum allt okkar efni á tímalausum og tímanlegum lögmálum sem þjóna þvert á landamæri.

Okkar fólk fer fram úr á morgnana til að þjóna árangri einstaklinga og vinnustaða með lausnum sem eru hannaðar til þess að hafa áhrif á hegðun fólks. Og það er kannski það sem aðgreinir okkur frá öðrum, að við höfum áhrif á hvernig fólk sér sjálft sig, vinnuna sína og tækifæri og breytir þar af leiðandi hegðun sinni. Við mælum þetta alltaf fyrir og eftir okkar vinnustofur og sjáum ótrúlega breytingu til betri samskipta, menningar og frammistöðu.“

Guðrún segist vera bæði auðmjúk og stolt af að hafa fengið að vinna með framúrskarandi vinnustöðum á Íslandi síðastliðin 10 ár. „Það er unun að hafa getað lært af, lært með og hjálpað öðrum að vaxa og ná auknum árangri. Það er merkilegt þegar maður horfir til baka sem eiginlega frumkvöðull að hafa fengið að starfa við það sem maður elskar í öll þessi ár og geta skapað störf í kringum það og skilið eftir sig einhver fingraför á íslensku atvinnulífi. Það eru líka mikil forréttindi að fá að vinna í svona alþjóðlegu fyrirtæki í samstarfi við fremstu háskóla heims og með fremstu arkitektum heims að hönnun námsefnis, leiðtogahæfni og ræktun fólks.“ ■



FRANSEN l tt  nvesti
F st   fleiri litum
St r ir 38-54
Ver  18.980 kr

FRANSEN sumar lpa/vendingur
F st l ka   d kkbl u
St r ir 38-54
Ver  32.980 kr

FRANSEN l tt  n lpa
F st   fleiri litum
St r ir 38-54
Ver  23.980 kr

FRANSEN sumar lpa
F st l ka   d kkbl u
St r ir 38-54
Ver  32.980 kr

NORMANN  tivistarjakki
F st   fleiri litum
St r ir 38-54
Ver  23.980 kr

yesta

y st

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

Z    Nordic

OPHILIA



ROBELL Nena 09    labuxur
F st   nokkrum litum
St r ir 34-52
Ver  11.980 kr.

ROBELL Bella 05 hn buxur
F st   nokkrum litum
St r ir 34-52
Ver  7.980 kr.

ROBELL gallajakki
F st l ka   lj sbl u
St r ir 38-52
Ver  23.980 kr

ZHENZI skyrta
F st l ka   hv tu og sv rtu
St r ir 42-56
Ver  9.990 kr.

ZHENZI Dovie kj ll
F st l ka   navybl u
St r ir 42-56
Ver  10.990 kr

SYBEL

FRANSEN

festival DENMARK

STUDIO

T maris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



SUNDAY N ttf t
St r ir 38-52
Ver  9.980 kr

SUNDAY N ttkj ll
St r ir 38-52
Ver  7.980

Cabby – sixpensari
F st   fleiri litum
Ver  4.990 kr

TAMARIS innisk r F st   fleiri litum Ver  9.990 kr

Duffel Travel bag silfur
Ver  7.990 kr

Verslunin Belladonna




belladonna

L ttu vi   
belladonna.is



Elin Arna tók þátt Hugverki, samsýningu á vegum Félags vöru- og iðnhönnuða, á HönnunarMars í síðustu viku. Hún sýndi skúlptúra úr jarðleir sem hafa einungis það hlutverk að halda uppi einu strái.



MYNDIR/ADSENDAR

Tískuslysinn löngu gleymd og grafin

Elin Arna Kristjánsdóttir Ringsted sýndi skúlptúra úr jarðleir á samsýningu á vegum Félags vöru- og iðnhönnuða á HönnunarMars í síðustu viku. Hún hefur litfagran og skemmtilegan fatastíl og sýnir lesendum hér í fataskápinn.

starri@frettabladid.is

Vöruhönnuðurinn Elin Arna Kristjánsdóttir Ringsted var ein þeirra sem tóku þátt Hugverki, samsýningu á vegum Félags vöru- og iðnhönnuða á HönnunarMars í síðustu viku. „Ég var ein af átta hönnuðum og hönnunarteymum sem sýndu verk á Hugverki en sýningin var til húsa á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur. Sjálf sýndi ég skúlptúra úr jarðleir sem hafa einungis það hlutverk að halda uppi einu strái. Að sjá einangraða fegurð þar sem grófur og ófullkominn skúlptúr setur fullkomna symmetriska stráði í hásæti.“

Hún segir síðasta árið í náminu í vöruhönnun hafa verið mjög krefjandi fyrir bæði líkama og sál. „Ég ákvað því að gefa mér rými til að endurupplifa mig sem hönnuð og listamann án skólaþrýstings og staðla. Mér þótti mikilvægt fyrir listræna þróun mína að finna nýjan efnivið sem væri mér ókunnugur og rannsaka hann með barnslegri forvitni. Það hefur mér þótt uppbyggjandi þar sem ég hef ekkert til að bera mig saman við, ég kann ekki á þennan efnivið og því ekki hægt að gera nein „mistök“. Ég hef unnið með jarðleirinn síðan í

” Núna er ég mest spennt fyrir því að vinna verk með vinum mínum sem eru allir magnaðir listamenn þvert á listgreinar.

Elin Arna Kristjánsdóttir Ringsted

desember sem er efniviður sem ég hafði enga kunnáttu um áður.“

Margt spennandi í boði

Elin Arna útskrifaðist vorið 2021 með BA-gráðu í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands. „Ég hef mest unnið mín verk úr frá „speculative“ hönnun en hún snýst um að horfa á efni/feril/vandamál/nýsköpun og svo framvegis frá sjónarhorni „lausna“ sem gætu þróast út frá verkferlum í dag og hvernig hönnun af gagnrýnum toga kemur þar inn. Hönnun með einhvers konar gagnvirkni hefur mér einnig þótt áhugaverður þáttur í hönnunarverkum.“

Hún segir mörg spennandi verkefni í boði eftir útskrift. „Ég held að við verðum bara að sjá hvað muni heilla mig mest. Núna er ég mest spennt fyrir því að vinna verk með vinum mínum sem eru allir magnaðir listamenn þvert á listgreinar. Einnig hef ég unnið undanfarin átta ár við förðun og farðað fyrir alls kyns myndatökur, leikrit, tónlistarmyndbönd, plötumsölg, auglýsingar og margt fleira.“

Elin Arna sýnir lesendum hér inn í fataskápinn sinn. ■



Hér klæðist Elin Arna gömlum jakka frá mómmu vinkonu sinnar og pilsí frá What Magna wore. Hatturinn, sólglæraugun, bolurinn og skórnir eru úr Rauða krossinum. Hálsmenið er eftir Dísu Jakobsdóttur. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Spurt og svarað:

Hvernig hefur tiskuáhugi þinn þróast undanfarin ár?
Mér finnst hann breytast og þróast nánast mánaðarlega. Það fer mikið eftir því í hverju ég er að spá hverju sinni.

Hvernig fylgist þú helst með tiskunni?
Ég fylgist helst með tiskunni í gegnum fólkið í kringum mig, hvort sem það eru vinir mínir eða fólk sem ég mæti á förnum vegi.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?
Ég kaupi 99,9 prósent af fötunum mínum í Rauða krossinum. Annars á mörkuðum eða öðrum „second hand/vintage“ búðum.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?
Það eru engir sérstakir litir í uppáhaldi í augnablikinu en ég er mjög hrifin af „monochrome outfittum“ eins og er. Þá er einn litur ráðandi í heildarútlitinu.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?
Þau eru mörg en ég hef þurrt að þau út úr minni mínu.

Hvaða þekkti einstaklingur, innlendur eða erlendur, er svalur þegar kemur að tisku?
Ég er ekki nógu dugleg að fylgjast með tisku hjá þekktum einstaklingum en Muni, kærastinn minn, og Arna Inga, vinkona og sambýlskona mín, eru með magnaðan fatastíl, enda bæði í fatahönnun í LHÍ.

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn þá?
Ætli það sé ekki frakki sem ég rændi af pabba fyrir mörgum árum.

Áttu uppáhaldsverslanir?
Rauða krossinn.

Áttu eina uppáhaldsflik?
Í augnablikinu eru það loðgrifflur sem ég keypti í London sem einhver rændi nýlega á bar í miðbænum.

Notar þú fylgihluti?
Mér finnst fylgihlutir vera lykilatriði þegar kemur að því að setja saman gott heildarútlit.




Trefillinn er úr Rauða krossinum, bolinn heklaði hún og vestíð er úr vintage búð í París. Pilsíð er frá vinkonu mómmu hennar og skóna keypti hún á markaði. Amma hennar átti hanskana og sólglæraugun eru keypti hún í Góða hirðinum.



Hvítu grifflurnar heklaði Elin Arna sjálf en allar aðrar flikur keypti hún í Rauða krossinum.

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Þjáist af liðverkjum og stirðleika?
Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hár blóðþrýstingur?



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta á mörgu meini.

Vítamín D:

- **Stuðlar að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs.**
- **Stuðlar að viðhaldi beina, tanna og vöðva.**
- **Stuðlar að bættri starfsemi ónæmiskerfisins.**
- **Eining hefur D-vítamín hlutverki að gegna við frumuskiptingu.**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is



Sumaryfirhafnir í úrvali



Fylgdu
okkur á
Facebook



LAXDAL ER Í LEIÐINNI



TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið
netverslun
laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Stór og lituð sólgleraugu það heitasta í dag

Aðalstaðalbúnaðurinn fyrir sumarið eru sólgleraugin og sumir hafa meiri áhuga á sólgleraugin en aðrir. Vinkonurnar Tinna Björt Guðjónsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Provision og leikkona, og Telma Haraldsdóttir skjalastjóri elska töff sólgleraugu og eiga orðið ansi gott safn þeim.

sjofn@frettabladid.is

Vinkonurnar eru á fertugsaldri og hafa farið í gegnum ýmis tískutrend, bæði góð og slæm. „Við erum duglegar að fylgjast með nýjustu trendum og finnst gaman að pæla og spá í fötum og fylgihlutum þó svo að við elskum báðar ekkert meira en að vera í joggingbuxum, mjúkum sokkum og hettupeysu,“ segir Tinna og hlær.

Kaupa ný sólgleraugu í hverri ferð Þið hafið mikinn áhuga á sólglerauginum, hafið þið ávallt verið svona hrifnar af þeim?

„Sólgleraugu gera outfit-ið alltaf flottara. Þegar við höfum verið að ferðast saman kaupum við okkur alltaf ný sólgleraugu. Þegar við förum til Parísar 2019 fundum við nokkur flott pör í vintage búð. París er náttúrulega þekkt hátískuborg og þar er hægt að finna mikið af smart sólglerauginum um alla borg. Það er gaman að eiga nokkur sem hægt er að leika sér með. Og leika sér síðan með hvað passar við hvaða lúkk.“

Ray Ban er ávallt í tisku

Aðspurðar segjast vinkonurnar eiga fínt safn af sólglerauginum. „Þetta er svona blanda af mörgum týpum. Við ættum kannski að vera betri í að henda en tiskan fer í hringi. Við erum að sjá að sumar týpur af sólglerauginum sem við vorum með 2005 eru að koma aftur, eins og stór svört gleraugu. Það eina sem við viljum ekki að komi aftur í tisku er „low rise jeans“,“ segja Tinna og Telma.

Tinna segir að það séu ákveðin sólgleraugu sem detti aldrei úr tisku. „Ray Ban er alltaf í tisku. Aviator sólgleraugin eru klassík og fara í raun aldrei úr tisku. Ray Ban er samt duglegt að koma með nýjar týpur. Ég verð samt að viðurkenna að ég enda oft með mín Aviator á mér,“ segir Tinna. Vinkonurnar eru ávallt með puttann á púlsinum og segja að stór gleraugu séu að koma sterk inn aftur. „Síðan sér maður til að mynda vel áhrifin frá kvikmyndum eins og House of



Telma og Tinna eiga gott safn af sólglerauginum og vita fátt skemmtilegra en að dressa sig upp með flottum sólglerauginum.



Hér má sjá þær stöllur í bleika þemanu þar sem stóru og dökkku sólgleraugin setja punktinn yfir i-ið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Hér má sjá brot af safninu þeirra sem er heitast í dag.

Gucci. Enda voru fötin og fylgihlutirnir æði. Maður sér líka mikið af sólglerauginum með lituðu gleri, til dæmis ljósbrún eða bleik. Það er líka mismunandi hvort fólk velur sér þunn eða þykk gleraugu. Held að málið sé bara að ekki vera hræddur við að prufa nýtt. Leyfa sér að setja mismunandi týpur á sig og hafa gaman af.“

Kisugleraugin heilla

Þegar kemur að litavali og umgjörð er Tinna með það á hreinu hvað henni finnst fallegast. „Ég er rosa hrifin af svörtum umgjörðum. Enda eiginlega alltaf í dökkum klæðnaði,“ segir Tinna. Telma er hrifin af ólíkum formum. „Ég er hrifin af kisuglerauginum. Síðan eru umgjardir svo mismunandi á fólki. Eitthvað sem mér finnst ekki passa mér, passar vel á Tinnu,“ segir Telma og brosir.

Hvaða hönnuðir heilla ykkur

París er náttúrulega þekkt hátískuborg og þar er hægt að finna mikið af smart sólglerauginum um alla borg. Það er gaman að eiga nokkur sem hægt er að leika sér með.

Tinna Björt Guðjónsdóttir

helst þegar kemur að hönnun sólgleraugna?

„Í dag eru flestallir hönnuðir komnir með gleraughnalínu og eru línur oft í takt við fötin frá þeim. Til að mynda er Tom Ford ávallt stílhreinn. Marc Jacobs er með mikið af stórum sólglerauginum núna. Síðan eru 90's-merkin að koma

sterk inn eins og Tommy Hilfiger. Ég var að fá mér nýjustu Victoria Beckham-sólgleraugin og er rosa ánægð með þau. Eru töffaraleg og „feminine“ á sama tíma,“ segir Tinna.

Sólgleraugin partur af dressinu

Tinnu finnst umgjardirnar ekki breytast mikið á milli ára. „Það er alltaf eitthvað nýtt sem kemur en tiskan fer í hringi. Síðan fer þetta rosalega mikið eftir týpunni. Sumir þora, vilja prófa eitthvað nýtt og flippað meðan aðrir vilja halda sig við það sem þeir hafa notað og þekkja vel, sem er í góðu lagi. Hver og einn er með sinn stíl.“

Stöllurnar segjast alltaf velja gleraugin eftir klæðnaðinum sem þær eru í hverju sinni. „Sólgleraugin eru partur af dressinu. Enda finnum við báðar að oft vantar eitthvað og svo setur maður sólgleraugu á sig og þá smellur allt saman. Við notum

báðar sólgleraugu í vetrarsólinni. Flott úlpa og smart sólgleraugu er „killer kombó“.

Vinkonurnar segjast báðar vera mikið í „basic“ fötum sem þær síðan lyfti upp með aukahlutum, eins og sólglerauginum eða skarti. „Það er alltaf gaman og gott fyrir umhverfið að endurnýta fötin og aukahluti. Við erum þess vegna duglegar að hittast og skiptast á fötum og sólglerauginum, viljum frekar að það sé í notkun en að hlutirnir hangi inni í skáp eða séu ofan í skúffu. Ég var að setja saman outfit um daginn en í því var ég einmitt í skyrtu sem ég er búin að eiga í tíu ár og setti á mig Aviator-sólgleraugin mín sem ég keypti fyrir átta árum í New York,“ segir Tinna að lokum. ■

Hægt er að fylgjast með Tinnu á Instagram-reikningi hennar @tinnabg



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Laugardaginn 21. maí gefur Fréttablaðið út sérblað um ráðstefnur og viðburðastjórnun.

Ráðstefnur og viðburðir

Eftir Covid hafa margir hug á að halda fjölmenna fundi, ráðstefnur, sýningar eða aðra viðburði. Með þessu blaði viljum við hefja sumarið og jafnvel hnippa í þá sem eru farnir að skipuleggja næsta haust og vetur. Fáðið glæsilega kynningu með fallegum myndum eða grípandi auglýsingu í þessu flotta sérblaði.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage, markaðsfulltrúi.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

PEYSA
9.990,-
st. 42-56

FRÍ
heimsending þegar
verslað er fyrir 5.000,-
eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS

NÝ SENDING

Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS

INHALER VOTRE AVENIR
Capricez votre passé

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



NÝR TOYOTA PROACE CITY DÍSEL (VSK)
TOYOTA PROACE CITY. Dísel, beinskiptur. Verð aðeins kr.3.477.000- án vsk. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bilasölu. Skeifunni 3c. Til afhendingar strax! Endilega hringið og bókið skoðunartíma s:888-3715. Rnr.120686.



NÝR LEXUS LUXURY RAFMAGNS Á 7.977Þ!!!
LEXUS UX300e LUXURY. Árgerð 2022, 100% rafmagn með 317km drægni, 50kWh rafhlöðu. Hlaðinn aukabúnaði, t.d. leiðsögukerfi, 360° myndavél, leður, 18" álfelgur o.fl. o.fl. Sjálfskiptur. Verð aðeins kr.7.977.000- Rnr.120701. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bilasölu - Skeifunni 3c. s:888-3715. Til afhendingar strax! Eignum líka til einn græn!

Aðalkaup - Bilasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 582-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Skemmtanir



HLJÓMSVEIT: A. KRÖYER / DÚETT
Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðir, afmælum og fl. Síðan get ég líka verið með með fjöldasöng og nota þá kassagítar. Verð við allra hæfi.
Anton uppl. í síma 895 9376 og antonben@simnet.is.

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur



HNÚTUVIRKJUN Í HVERFISFLJÓTI FRAMKVÆMDALEYFI

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2022 veitingu framkvæmdaleyfis fyrir Hnútuverkjun í Hverfisfljóti skv. framlögðum gögnum.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdin er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem auglýst var í b-deild stjórnartíðinda 11. mars 2022.

Matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt viðaukum frá desember 2019 umsögnum sérfræðinga og álit Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum frá 3. júlí 2020 er að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Ólafur Júlíusson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftárhrepps

Húsnæði

Húsnæði til sölu



FLOTT HÚSI!
25 ferm. Reisulegt gestahús til sölu. Málín: 4,2x6,20 Staðsett í Reykjavík Verð 5,9. Uppl. 820-5181



VANTAR ÞIG HÚS?
Flott 30 ferm. gesthús ca 5x6m. Vönduð smíð. Sendi myndir. Staðsett rétt við Hvolsvöll. Aðstoðum við flutning! Verð 5,9 Uppl. 820-5181

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

Óska eftir góðri kvk milli 50-60 ára í ferðalög til Kanarí og og fl. Uppl. í síma 892 3341

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


Auglýsing um deiliskipulag Seltjarnarnesbær

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Deiliskipulag Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis, tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Skólabrautar 10 Á 124. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 7. apríl 2022 og á 945. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 27. apríl 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis vegna Skólabrautar 10. Í deiliskipulagstillögunni er íbúðum fjölgað úr einni í níu og skilmálum fyrir Skólabraut 10 breytt þannig að gert er ráð fyrir einu bílastæði á íbúð sem staðsett verða innan lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 12. maí 2022 til og með 23. júní 2022 og verður til sýnis á skrifstofu Skipulags- og umhverfis- sviðs Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 1. Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en **23. júní 2022**.

Seltjarnarnesi, 10. maí 2022
Brynjar Þór Jónasson
Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bátá

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is